

# Skólaráð Rimaskóla

16. mars 2026

Mætt: Þóranna Rósa Ólafsdóttir skólastjóri, Ragnar Bjarnpór Fjeldsted umsjónarmaður fasteigna og fulltrúi almenna starfsmanna í stað Tinnu Bjargar, Jenný Björk Olsen fulltrúi kennara, Dagný Gísladóttir fulltrúi kennara í forföllum Eyglóar Hilmarsdóttur, Njörður Njarðarson forstöðumaður félagsmiðstöðvar Sigyn og fulltrúi grenndarsamfélagsins, Ásgerður Arna Sófusdóttir fulltrúi foreldra, Raket Emma Jónsdóttir fulltrúi nemenda í 9.b. Forföll boðuðu: Fanney Bára Ingadóttir fulltrúi nemenda í 8. bekk, Karen Thea Theodórsdóttir fulltrúi nemenda í 10. bekk, Erla Bára Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra, Tinna Björg Hilmarsdóttir fulltrúi almennra starfsmanna.

## 1. Framkvæmdir við skólann

Skólastjóri gerði grein fyrir stöðu mála vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Fundur var eftir þennan fund og koma hér aðalatriðin.

- Fjármögnun verkefnisins er tryggð.
- Útboð fer fram í næstu viku.
- Þegar verktakar hafa verið ráðnir verður hægt að leggja fram nákvæma tímaáætlun fyrir verkið.
- Skoðað verður hvort nauðsynlegt verði að slíta skólastarfinu fyrr en áætlað var. Það verður eingöngu gert ef verktakar þurfa að hefja vinnu fyrr en gert var ráð fyrir.
- Skólastjóri lagði áherslu á mikilvægi góðrar upplýsingagjafar til foreldra og óskaði eftir að fulltrúar foreldra í skólaráði, ásamt formanni foreldrafélagsins, verði henni innan handar við yfirlastra og miðlun upplýsinga.

## 2. Lyftumál

- Gamla lyfta skólans reyndist ónýtt og hefur verið fjarlægð.
- Uppsetning á nýrri lyftu stendur nú yfir.

## 3. Nemendaskápar

- Nýir nemendaskápar eru væntanlegir til landsins nú í þessum mánuði.
- Þegar þeir berast verður hafist handa við uppsetningu.
- Skápunum verður komið fyrir á efri aðalgangi.

## 4. Málefni frá nemendum

Fulltrúi nemenda kom á framfæri eftirfarandi atriðum:

### 4.1 Upplýsingar um niðurfellda tíma

Nemendur myndu vilja fá upplýsingar fyrr ef kennslustundir falla niður. Skólastjóri útskýrði að skrifstofustjóri sendi tilkynningar út eins fljótt og unnt er.

#### 4.2 Seinkun á skóladegi

Nemendur eru almennt ánægðir með að hefja skólann síðar.

#### 4.3 Skólaandi

Nemendur upplifa góðan anda í skólanum.

Fulltrúi nemenda benti á að miðað við það sem hann heyrði frá öðrum skólum væri minni stríðni í Rimaskóla.

Forstöðumaður félagsmiðstöðvar Sigynar tók undir þetta og sagði:

- Nemendahópurinn væri jákvæður og með góðan anda.
- Unglingadeildin væri frábær fyrirmynd fyrir nemendur.
- Mæting í félagsmiðstöðina væri mjög góð.

### 5. Matsferill

Skólastjóri sagði frá því að Rimaskóli væri að leggja fyrir Matsferil í 4.–10. bekk og hefði framkvæmdin gengið vel.

Skólastjóri spurði fulltrúa nemenda hvort mikið væri rætt um þessi próf meðal nemenda. Fulltrúi nemenda sagðist ekki verða var við mikla umræðu um þau, sem gæti bent til að prófin valdi ekki talsverðum kvíða eða streitu.

### 6. Skóladagatal 2026-2027

Skóladagatal 2026-2027 lagt fyrir skólaráð og samþykkt. Skóladagatalið er á sömu nótum og undanfarin ár.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Þórunna Rósa Ólafsdóttir ritaði fundargerð